HÚNAÞING VESTRA

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 5. júní 2025
Mál nr. 2505036 U.V.H.

Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja).

Á 1246. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 2. júní 2025 var umsagnarbeiðni um áform um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál nr. S-89/2025 í Samráðsgátt stjórnvalda, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð Húnaþings vestra fagnar áformum um að undanþága rafveitna (vatnsafls-, jarðvarma- og vindaflsvirkjana) frá fasteignamati verði felld úr gildi. Um er að ræða réttlætismál sem sveitarfélögin hafa barist fyrir um árabil. Ráðið vill jafnframt fagna því að áformað er að gjöldin sem innheimt verða geti dreifst á milli fleiri en eins sveitarfélags og að hluti af þeim tekjum sem við breytinguna myndast muni dreifast til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Byggðarráð hvetur til þess að ráðist verði í lagabreytinguna eins fljótt og kostur er.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við innviðaráðuneytið um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.